



Hamranes skipulags- og byggðarþróun.

Hafnarfjarðarbær hefur tekið ákvörðun um skipulagsvinnu og uppbyggingu á landsvæði sem nefnist Hamranes. Svæðið er sunnan við Ásvallabraut, Velli 6 og Skarðshlíð. Svæðið er um 25 ha að stærð. Tenging inn á svæðið verður frá Ásvallabraut.



Hafnarfjarðarbær leitar eftir þróunaraðilum að fyrsta áfanga svæðisins. Auglýst er eftir hópum: arkitektum í samstafi við hönnuði og byggingaraðila, félagasamtökum, hagsmunahópum o.fl., sem kunna að hafa áhuga á að koma að áframhaldandi þróun og uppbyggingu þessa svæðis. Um er að ræða þróunarvinnu á reitum 1-4.



Í samfélagsumræðunni undanfarin ár hefur borið talsvert á hugmyndum um minni íbúðir, byggingarkostnað, sjálfbærni, endurvinnslu, ferðakostnað og breytt búsetuform svo sitthvað sé nefnt. Með skipulagi og uppbyggingu á Hamranessvæðinu er stefnt að því opna fyrir og skapa grundvöll fyrir nýjum hugmyndum.

Umsækjandi (fyrirtæki/hönnunarhópur) skal í umsókn sinni gera grein fyrir hæfni sinni til að vinna deiliskipulag, hanna byggingarnar og byggja. Hann skal skila inn ítarlegum upplýsingum um hæfni og reynslu fyrirtækis/samtaka og starfsmanna sinna og upplýsingum um fjárhagslegt hæfi. Hafnarfjarðarbær áskilur sér fullan rétt til að meta hvort umsækjandi uppfylli kröfur um hæfi á grundvelli þeirra upplýsinga sem fylgja umsókn.

Farið verður með upplýsingar sem trúnaðarmál. Umsækjendur verða boðaðir til kynningarfundar um verkefnið. Nánari upplýsingar veitir Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi. Umsóknum skal skilað inn fyrir 20. sept. n.k. á netfangið hafnarfjordur@hafnarfjordur.is